

## FUNDARGERÐ

261. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 27. september 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Þráinn Óskarsson, Rósa Kristinsdóttir og Margrét Tryggvadóttir. Mörður Áslaugarson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Aron Ólafsson var forfallaður. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útværstjóri, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 259 og nr 260 voru bornar upp og samþykktar.

### 2. Fjármál

Forstöðumaður fjármála kynnti afkomu ágústmánaðar og fyrstu átta mánuði ársins. Tekjur eftir átta mánuði séu 115 m.kr. yfir áætlun en rekstarkostnaður fyrir afskriftir er 84 m.kr. hærri en áætlað var. Hagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir séu 660 m.kr. Afskriftir séu samkvæmt áætlun en fjármagnsliðir séu 67 m.kr. hærri en áætlað var vegna hækkanar verðbóta á LSR lálinu. Niðurstaða fyrstu átta mánaða ársins sé 32 milljónum fram úr áætlun.

### 3. Kynning sviða. Dagskrárstjóri Rásar 1 og dagskrárstjóri Rásar 2.

Fanney Birna Jónsdóttir dagskrárstjóri Rásar 1 og Matthías Már Magnússon dagskrárstjóri Rásar 2 kynntu helstu áherslur vetrarins hjá rásunum.

### 4. Minnispunktar útværstjóra

Útværstjóri gerði grein fyrir væntanlegu Útværpsbingi þar sem áhersla verður lögð á lýðræðishlutverk RÚV í samfélagit. Fyrirlesarar á þinginu séu Ingibjörg Þórðardóttir fyrrum framkvæmdastjóri hjá CNN og aðalritstjóri hjá BBC, Jón Gunnar Ólafsson nýdoktor í fjölmíðlafræði við HÍ og Liz Corbin yfirmaður fréttamála hjá EBU, auk þess sem Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra muni flytja opnunarerindi auk útværstjóra. Að erindum loknu verði svo pallborðsumræður. Starfsfólk RÚV, einkum fréttamenn og dagskrárgerðarfólk muni í kjölfar þingsins ræða þessi mál í málstofum og afurðir þeirrar vinnu verði síðan nýtt í þróun dagskrár og umfjöllunar með ýmsum hætti.

Útværstjóri kynnti New8, sem sé nýtt samstarf almannapjónustumiðla í Evrópu um framleiðslu og dreifingu á þáttaröðum fyrir sjónvarp. Velgengni N-12 samstarfsins, sem sé samstarf almannapjónustustöðvanna á Norðurlöndum um framleiðslu og dreifingu þáttaráða, hefur vakið mikla og jákvæða athygli í Evrópu og víðar, og sé þetta nýja samstarfsverkefni fyrsta útvíkkun þess samstarf. Auk Norðurlandastöðvanna SVT, DR, YLE, NRK og RÚV bætast við ZDF í Þýskalandi, NPO í Hollandi og VRT í Belgíu. Stöðvarnar munu framleiða samtals átta nýjar sjónvarpsþáttaraðir á ári og sameinast um fjármögnun þeirra auk þess sem dreifing þeirra sé tryggð í umræddum löndum auk þess sem dreifingarsvæði ZDF nái yfir þýskumælandi hluta Austurríkis og Sviss. Í hlut Íslands komi ein sería annað hvert ár, á móti YLE í Finnlandi. Með þessu samstarfi sé dreifing á þessu efni tryggð á svæði þar sem búi 150 milljón manns og þátttaka allra stöðvanna í fjármögnun verkefnanna tryggi framleiðslu þeirra og aðra fjármögnun.

### 5. Drög að þjónustusamningi menningar- og viðskiptaráðherra og RÚV

Útværstjóri gerði grein fyrir því að vinna við nýjan þjónustusamningi sem hafi verið í gangi undanfarna mánuði á milli sérfraeðinga RÚV og ráðuneytisins, en gildandi samningur renni út um næstu áramót. Fyrilliggjandi drög séu að stofni til sambærileg og fyrri samningur en breytingar séu

✓  
Sæð AS ÞR 150 QL

lagðar til á ákveðnum atriðum, annars vegar varðandi dreifingu og hins vegar um viðmið við kaup af sjálfstæðum framleiðendum. Síðarnefnda breytingin sé lögð til í samræmi við ákvæði laganna um Ríkisútværið, og feli í sér að miðað verður við tiltekið lágmarkslutfall dagskrárefnis sem framleitt sé af sjálfstæðum framleiðendum. Hvað varðar dreifingu sé áfram miðað við efni RÚV nái til 99,8% heimila í landinu en ekki sé gerð krafa um að almenningur þurfi ekki að kaupa þjónustu af þriðja aðila til að ná útsendingum. Aðrar breytingar á samningnum snúi að verkefnum í gildandi samningi sem þegar sé lokið, kafli um aðgengi og fjölbreytileika sé ítarlegri en áður o.fl. Vinna við drögin muni halda áfram og þar á meðal með aðkomu starfshóps stjórnar.

## 6. Önnur mál

### a. Starfshópar stjórnar

Farið var yfir starfshópa stjórnar, en það séu annars vegar endurskoðunarnar nefnd sem skipuð sé Margréti Tryggvadóttur, Ingvari Smára Birgissyni og Valgeiri Vilhjálmsyni og hins vegar starfskjaranefnd sem skipuð sé Silju Dögg Gunnarsdóttur, Aroni Ólafssyni og Diljá Ámundadóttur Zoega. Ákveðið var að skipa Silju Dögg Gunnarsdóttur, Þráinn Óskarsson og Rósu Kristinsdóttur í starfshóp stjórnar vegna endurskoðunar þjónustusamnings.

### b. Fjöldlaumfjöllun um starfsmann RÚV

Útvarpsstjóri var spurður um umfjöllun í fjöldum um starfsmann félagsins þar sem komu fram ásakanir á hendur viðkomandi. Útvarpsstjóri kvaðst hafa rætt við starfsmanninn og taldi ekki þörf á því að málið yrði skoðað nánar.

### c. Ásakanir um lögbrot fréttastofu

Útvarpsstjóri var spurður um ásakanir þess efnis að fréttastofa hafi myndað blóðtöku úr merum áeinkalóð bóna með dróna í leyfisleysi. Útvarpsstjóri upplýsti um að starfsmönnum fréttastofu og bónanum greindi á um málsatvik og að til staðar væru myndbandsupptökur sem skýrðu atvik nokkuð. Útvarpsstjóri kvaðst þó sjálfur ekki hafa kynnt sér myndbandsupptökurnar. ISB árétti mikilvægi þess að fréttastofa starfi í samræmi við lög og virði friðhelgi einkalífs borgaranna í hvívetna.

The image shows handwritten signatures in blue ink. At the top, there is a large, stylized signature. Below it, the names are written in cursive: "Silja D. Gunnarsdóttir", "Dilja Ámundadóttir Zoega", "Ingvar Smári Birgisson", "Rós Kristinsdóttir", and "Þráinn Óskarsson". In the lower left, there are two more signatures: "Aron Ólafsson" and "Valgeir Vilhjálmsen". At the bottom, the signature "Þorgríður Tryggvadóttir" is written across the page.